



Rauði krossinn Árnessýslu

Selfoss 19.10. 2021

Sveitarfélagið Árborg

Austurvegi

800 Selfoss

Árnesingadeild Rauða kross Íslands leitar hér eftir stuðningi sveitarfélagsins Árborgar með ósk um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir árin 2021 og 2022.

Samdráttur hefur orðið á tekjum deildarinnar eins og víðar í samfélaginu. Kassatekjur, sem hefur verið aðal innkoma deildarinnar hafa dregist saman sem og styrkir sem deildin hefur fengið undanfarin ár. Á sama tíma hafa útgjöld aukist og hefur félagið þurft að ganga á eigið fé.

Sjálfbóðaliðar Árnesingadeildar Rauða krossins hafa ekki látið árferðið á sig fá og halda ótrauðir áfram að vinna að mannúðarmálum í héraði og víðar. Starfið okkar hefur vaxið hratt og stöðugt bætast við nýjir notendur. Hjá okkur er starfandi öflugt hópastarf í hverri viku koma til okkar í kringum 80 einstaklingar í ýmiskonar iðju með það markmið að leiðarljósi að draga úr félagslegri einangrun.

Með góðri kveðju og

von um að jákvætt verði tekið í erindið,

f.h. Árnesingadeildar Rauða kross Íslands